

Aðventusamkoma í Þjósárveri

Í ár verður sameiginleg aðventusamkoma fyrir íbúa Flóahrepps í Þjósárveri laugardaginn 15. desember kl. 16:00. Boðið verður upp á vandaða tónlistardagskrá sem verður auglýst sérstaklega síðar. Meðal annars munu börn úr Flóaskóla syngja. Kveikt verður á aðventukransi og í lokin sameinast allir í fjöldasöng.

Dagskrá mánaðarins

Lokakvöld átthagafræðinámskeiðs	3. desember
Glímuæfing í Félagslundi	4. desember
Íþróttæfing í Þjósárveri	5. desember
Spilakvöld í Þjósárveri	7. desember
Guðspjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	9. desember
Aðventukaffi eldri borgara	11. desember
Glímuæfing í Félagslundi	11. desember
Íþróttæfing í Þjósárveri	12. desember
Opið hús hjá Kvenfélagi Villingah.hr.	13. desember
Aðventukvöld Kvf. Gaulverjabæjarhrepps	13. desember
Aðventusamkoma í Þjósárveri	15. desember
Glímuæfing í Félagslundi	18. desember
Skötuveisla í Þjósárveri	23. desember
Hátíðarguðspjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju	25. desember
Hátíðarguðspjónusta í Laugardælakirkju	25. desember
Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju	26. desember
Jólaball og spilakvöld í Þjósárveri	29. desember
Barnaskemmtun og spilakvöld í Félagslundi	30. desember
Aðalfundur Umf. Vöku	2. janúar



Áveitan



9. tbl. des. 2007. 1. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com



Skötuveisla í Þjósárveri

Ungmennafélagið Vaka býður til sinnar árlegu skötuveislu á Þorláksmessu. Veislan er sem fyrr í Þjósárveri og hefst klukkan 12:00. Boðið verður upp á gæða skötu ásamt ýmsu meðlæti, en einnig verður saltfiskur á borðum fyrir þá sem aðeins kjósa að finna ilminn af skötunni. Kaffi og konfekt á eftir.

Verðið er sanngjarnt eins og alltaf:

Fullorðnir	1500 kr
Börn 6 – 12 ára	500 kr
Börn yngri	Frítt

Við hvetjum alla til að taka sér smá hvíld frá jólaösinni, eiga notalega stund með vinum og nágrönnum og njóta þess að borða góðan mat. Ekki spillir fyrir að ekki þarf að hugsa um matseld eða uppvask þann daginn. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Stjórnin

Frá sveitarstjóra

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um tillögu að aðalskipulagi fyrrum Villingaholtshrepps.

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps sem haldinn var 14. nóvember 2007 voru lagðar fram tvær tillögur að aðalskipulagi fyrrum Villingaholtshrepps, tillaga A og tillaga B sem kynntar voru á opnum fundi í Þjórsárverri 25. júní s.l.

Tillaga A gerir ráð fyrir hugsanlegri Urriðafossvirkjun en tillaga B gerir ekki ráð fyrir virkjun.

Á undanförunum mánuðum hefur sveitarstjórn Flóahrepps aflað sér upplýsinga og gagna um fyrirhugaða Urriðafossvirkjunar í Flóahreppi og hugsanlegar afleiðingar slíkra framkvæmda.

Á fundi sveitarstjórnar þann 2. júlí 2007 samþykkti sveitarstjórn að fresta ákvörðun um tillögu til auglýsingar að aðalskipulagi fyrrum Villingaholtshrepps þar til fyrir lögju nánari upplýsingar um áhættu af hugsanlegri Urriðafossvirkjun.

Sveitarstjórn lagði á sama fundi áherslu á að ljúka þyrfti samningaviðræðum milli fulltrúa Landsvirkjunar og Flóahrepps, en þær viðræður hófust í janúar á þessu ári þar sem unnið hefur verið að því að fá fram hvaða hugsanlegar mótvægisáðgerðir Landsvirkjun muni ráðast í, ef af framkvæmdum hennar við Urriðafossvirkjun verður í nánustu framtíð.

Í viðræðum við Landsvirkjun lagði sveitarstjórn áherslu á eftirfarandi atriði:

- Að hækkun vatnshæðar í Þjórsá getur haft áhrif á vatnsból og vatnsverndar-svæði sveitarfélagsins.
- Þar sem rennsli um Urriðafoss verður stórlega skert þarf að auka möguleika til annarrar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.
- Lágmarka þarf áhrif virkjunar á lífríki Þjórsár og tryggja þarf að laxfiskar eigi sömu búsetumöguleika í Þjórsá og verið hefur og ganga þeirra upp ána verði tryggð.
- Tryggja þarf að stíflumannvirki verði hönnuð með þeim hætti að hugsanlegir jarðskjálftar á svæðinu valdi ekki tjóni umfram þá áhættu sem er fyrir hendi í dag.
- Endurbætur á GSM símakerfi.
- Tryggja þarf að Urriðafossvirkjun hafi ekki áhrif á þá stefnu sveitarstjórnar að styrkja landbúnað á svæðinu.

Viðræðum við Landsvirkjun er lokið með samkomulagi sem gerir ráð fyrir eftirfarandi mótvægisáðgerðum Landsvirkjunar:

- Landsvirkjun mun kosta lög nýrrar aðveitu vatnsveitu sveitarfélagsins, nægilega miðlun vatnsins með tilliti til dreifingar um allt sveitarfélagið og byggingu miðlunartanks ef með þarf.
- Endurbyggingu vegakafla frá Þjóðvegi 1 um sveitarfélagið að Gaulverjabæ, þ.e. Urriðafossvegur og Hamarsvegur. Landsvirkjun mun sjá til þess að þeir vegir verði endurbyggðir með bundnu slitlagi. Uppbyggingu á aðstöðu í landi Þjótanda þar sem tekið verður á móti ferðamönnum og öðrum til kynningar á virkjunum á vatnasviði Þjórsár sem nýst getur sveitarfélaginu til kynningar á

Áttahagafræðinámskeiði senn lokið


Nú fer Áttahaganámskeiði Fræðslunets Suðurlands í Flóahreppi senn að ljúka. Lokakvöldið er mánudaginn 3. desember í Þjórsárverri en þar munu Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri og Stefán Geirsson fjalla um framtíðarsýn í Flóahreppi. Að fyrirlestri þeirra loknum verður slegið upp kaffisamsæti þar sem fulltrúi Fræðslunets Suðurlands mun afhenda námskeiðsgestum skirteini og rós fyrir þátttökuna.

Þátttakendur á Áttahagafræðinámskeiðinu hafa verið um það bil fjórtíu og er það almælt meðal þeirra að vel hafi tekist til og margur nýr og áhugaverður fróðleikur um landshætti og sögu Flóans hafi verið kynntur þeim á námskeiðskvöldunum níu sem lokið er.

Frá ritstjórum

Fyrsta útgáfuár Áveitunnar er nú að renna sitt skeið á enda. Þetta sameinaða fréttabréf Ungmennafélaganna Samhygðar og Vöku hefur hlotið góðar undirtektir í Flóahreppi og skapað sér mánaðarlegan sess í hugum íbúa og annarra velunnara. Ritstjórar Áveitunnar vilja koma á framfæri bestu þökkum fyrir góðar mót-tökur og eins ber að þakka dyggilegan stuðning Flóahrepps við útgáfuna.

Hvað árið 2008 ber í skauti sér fyrir lesendur Áveitunnar er óhægt að spá um en ef allt fer fram sem horfir mun Áveitan halda áfram að veita fréttum og fróðleik mánaðarlega inn á hvert heimili í Flóahreppi og víðar.



*Áveitan óskar öllum lesendum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári,
með þökk fyrir árið sem er að líða.*

Jólasveinarnir koma fyrir tilstilli Umf. Samhygðar!

Nú ber svo við að jólasveinar hafa boðað komu sína Gaulverjabæjarhreppinn fyrir hádegi á aðfangadag til að dreifa glaðningum. Þetta landsvæði hefur löngum verið sniðgengið að þeirra hálfu, hvað viðvíkur þessa þjónustu, en í kjölfar sameininga o.þ.h. verður ei lengur við slíkt unað. Umf. Samhygð sendi því áskorun til jólasveinanna um að spýta í lófana og drífa sig í Bæjarhreppinn líka. Áhugasamir um að nýta sér þjónustu sveinanna síkátu eru vinsamlegast beðnir um að snúa sér til umboðsmanns þeirra í Gaulverjabæjarhreppi en það er Stefán í Gerðum.

Umf. Samhygð

Framhaldsdansnámskeið!

Vegna mikils dansáhuga í sveitinni hefur verið ákveðið að hafa framhald á dansnámskeiðinu sem haldið var fyrr í vetur. Sem fyrr verða námskeiðin á föstudagskvöldum kl. 20:30 í Félagslundi. Námskeiðið hefst 11. janúar og kennt verður 4 skipti. Aðalkennari verður Anna Berglind Júlíusdóttir úr Þorlákshöfn. Allir þeir sem hafa einhverntíman áður komið á námskeið eru gjaldgengir á þetta framhaldsnámskeið og eru sem flestir hvattir til að mæta og taka snúning í góðum félagsskap.

Dansáhugafólk

Á döfinni hjá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

13. des Aðventukvöld í Félagslundi kl. 20. 30.
30. des Barnaskemmtun í Félagslundi kl. 13.00
Félagsvist um kvöldið

Stjórnin

ferðaðþjónustu og ferðamöguleikum á svæðinu.

- Veidimálastofnun hefur unnið að rannsóknum s.l. fjögur ár á grunnástandi lífríkis í Þjórsá. Í ljósi niðurstaðna þeirra rannsókna mun Landsvirkjun útfæra nánar og grípa til þeirra mótvægisáðgerða sem þar verða lagðar til í samráði við sveitarstjórn til að draga úr áhrifum virkjunar á lífríki Þjórsár.
- Gerð áhættumats sem gerir ráð fyrir að árleg staðaráhætta fólks á svæðinu eftir byggingu mannvirkja verði ekki meiri en talin er ásættanleg vegna ofanflóða.
- Endurbætur á GSM símakerfi í sveitarfélaginu þannig að gott farsímasamband verði í sveitarfélaginu með uppsetningu nýs sendis neðarlega í sveitarfélaginu og styrkingu núverandi senda ef með þarf.
- Ýmis sérverkefni tengd vatnsöflunarmálum.

Sveitarstjórn mun óska eftir því við þingmenn Suðurkjördæmis að þeir beiti sér fyrir því að vegaframkvæmdir samkvæmt samkomulagi við Landsvirkjun hafi ekki áhrif á þær framkvæmdir sem nú þegar eru á samgönguáætlunum.

Áhættumat vegna Urriðafossvirkjunar var kynnt fyrir sveitarstjórn Flóahrepps þann 10. október s.l. og íbúum sveitarfélagsins á almennum íbúafundi í Félagslundi 18. október. Einnig var kynnt minnisblað fyrir sveitarstjórn vegna áhættumats þar sem vísað er til forsendna og heimilda við gerð þess.

Áhættumat vegna framkvæmda við hugsanlega virkjun er hluti af hönnun virkjana sem byggt er á kröfum í reglugerðum og stöðlum um álagsforsendur og öryggi.

Áhættumatið fólst m.a. í því að yfirfara hönnunarforsendur mannvirkjanna, skoða staðhætti,

jarðfræði svæðisins og flóðasögu, yfirfara varúðarráðstafanir svo sem stíflueftirlit og meta líkur

þess að mannvirkin verði fyrir tjóni og hvaða afleiðingar það gæti haft í för með sér.

Niðurstöður áhættumats leiddu í ljós að útbreiðsla flóðs vegna stíflurofs í farvegi Þjórsár er afar takmörkuð og að áin helst að mestu í farvegi sínu.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt samhljóða, sbr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 að auglýsa tillögu A að aðalskipulagi fyrrum Villinga-holtshrepps þar sem gert er ráð fyrir Urriðafossvirkjun.

Samþykktin er byggð á þeim forsendum að staðaráhætta við Þjórsá vegna hugsanlegra flóða stenst viðmið sem gefin eru í reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða eins og tilskilið var í mati á umhverfisáhrifum og úrskurði umhverfisráðherra vegna virkjananna og því að samkomulag hefur náðst við Landsvirkjun um mótvægisáðgerðir.

Sveitarstjórn samþykkir einnig að setja þá skilmála í greinargerð með aðalskipulagstillögu að hönnun virkjunar miðist við að yfirborð Heiðarlóns verði að hámarki 50 metrar y.s. eins og kynnt var í áhættumati, að lón verði einungis í ár-farvegi og að farið verði að skilyrðum Umhverfisráðuneytis dags. 27. apríl 2004 vegna mats á Urriðafossvirkjun.

Samþykkt sveitarstjórnar um auglýsingu á tillögu A að aðalskipulagi fyrrum Villinga-holtshrepps felur ekki í sér ákvörðun um framkvæmdaleyfi vegna Urriðafossvirkjunar.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að Landsvirkjun nái samningum við landeigendur verði af fyrirhugaðri virkjun.

Félagsmálanefnd

Á fundi sveitarstjórnar 14. nóvember var staðfestur samstarfssamningur um sameiginlega félagsþjónustu í uppsveitum og Flóahreppi.

Samningurinn felur í sér að sameiginleg félagsmálanefnd mun sinna verkefnum sem henni ber samkvæmt lögum og reglum fyrir sveitarfélögin fimm með einn fulltrúa úr hverju sveitarfélagi. Ýmsar reglur og samþykktir verða samræmdar eins og hægt er. Sameiginlegur starfsmaður, félagsmálastjóri sér um ráðningu starfsfólks og ber ábyrgð á daglegum rekstri og framkvæmd þjónustunnar.

Öllum sameiginlegum kostnaði er jafnað niður á sveitarfélögin í hlutfalli við íbúatölu en bein fjárhagsaðstoð og ýmis sértæk úrræði verða greidd af lögheimilissveitarfélagi. Fulltrúi Flóahrepps í félagsmálanefnd verður Guðrún Jónsdóttir á Sandbakka og varamaður Magnús Guðmundsson í Oddgeirshólum.

Sveitarstjórn fagnaði því að mikilvægur málaflokkur sé kominn í góðan farveg.

Álagning gjalda 2008

Sveitarstjórn samþykkir að álagning fasteignagjalda fyrir Flóahrepp árið 2008 verði óbreytt frá fyrra ári samkvæmt eftirfarandi:

Fasteignaskattur er lagður á í þremur flokkum sem skiptast í:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, úti-hús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumar-bústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 0,88% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leik-skólar, íþróttahús og bókasöfn

c-flokkur 1,35% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldis-mannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald

Vatnsgjald verður 0,2% af fasteignamati eignar sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Lágmarksálagning verður 6.000 kr. og hámarksálagning verður 18.000 kr. á íbúðar-og sumarhús.

Landspildur sem ekki bera fasteign en eru tengdar vatnsveitu sveitarfélagsins greiða kr. 10.000 á ári.

Lóðarleiga er 1% af lóðamati.

Sorphirðu-og sorpeyðingargjald

Sorphirðugjald :

Fyrir hálfsmánaðarlega tæmingu

- | | |
|--------------------|------------|
| a) 240 lítra tunna | 8.000 kr. |
| c) 660 lítra kar | 10.000 kr. |
| d) 1100 lítra kar | 14.000 kr. |

Glimufréttir

Gott gengi á Fjórðungsglíma Suðurlands

Glimufólk Samhygðar og Vöku gerði góða ferð á Fjórðungsglímu Suðurlands sem haldin var á Hvolsvelli fimmtudaginn 22. nóvember sl. Þrjár stúlkur kepptu undir merkjum félugganna í flokki 11 ára og yngri, glímdu með þrýði og náðu mjög góðum úrslitum í flokki sex keppenda. Röð þeirra í flokknum varð eftirfarandi:

- | | | |
|----------------------------|---------|--------|
| 1. Ásrún Halla Loftsdóttir | Vöku | 4 v. |
| 3. Guðrún Inga Helgadóttir | Vöku | 3 v. |
| 4. Margrét Ýr Bárðardóttir | Samhygð | 2,5 v. |

Stefán Geirsson, Samhygð, keppti í karlaflokkum og sigraði þar í fjögurra manna flokki. Þess má einnig geta að Fanney Ólafsdóttir úr Vöku, gjaldkeri Glimuráðs HSK, fylgdi hópnum á Hvolsvöll og sinnti ritarastörfum á mótinu. Heildarúrslit mótsins og myndir af mótinu er hægt að nálgast á vef Glimusambands Íslands, www.glima.is.

Glímuæfingum framhaldið

Glímuæfingar í Félagslundum hafa verið mjög vel sóttar það sem af er og hefur þátttakendafjöldi farið mest upp í 16 krakka. Þetta er ánæguleg þróun sem vonandi verður framhald á. Upphaflega voru ekki ætlaðar neinar æfingar í desember en frá því hefur verið horfið. Æfingaplanið framundan er því svohljóðandi:

- | | |
|--------------|--|
| 4. desember | kl. 20:00 |
| 11. desember | kl. 20:00 |
| 18. desember | kl. 20:00 |
| 8. janúar | kl. 20:00 og síðan verða æfingar hvert þriðjudagskvöld fram í apríl. |

Þjálfari

Spilakvöld ungmennafélaganna

Síðasta spilakvöld ungmennafélaganna fer fram í Þjórsárverri föstudagskvöldið 7. desember kl. 20:30. Veitt verða verðlaun fyrir stigahæstu spilara kvöldsins en einnig heildarverðlaun fyrir samanlagðan stigafjölda á öllum kvöldunum þremur.

Jólakveðja

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku óskar öllum félagsmönnum sínum og öðrum velunnurum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Þökkum ánægjuleg samskipti og samstarf á líðandi ári.

Stjórn Umf Vöku

Þakkir til Kvenfélags Villingaholtshrepps

Kæru kvenfélagskonur.

Ég óska okkur öllum til hamingju með 90 ára afmæli félagsins, það ber aldurn inn vel og er alltaf að verða ferskara og ferskara, að mínu mati. Ég var frekar þung í taum, að ganga í kvenfélagið. Þegar ég flutti í sveitina til búskapar 1961 fóru konur að segja mér að ég ætti að ganga í félagið þeirra. Og ein gekk svo langt að segja að ég væri nú rétt til þess. Mér fannst það ekki raunhæft hjá mér, með 4 börn á aldrinum 1-7 ára, við áttum engan bíl og ég var heldur ekki með bílpróf. Ég fékk heldur ekki mikla hvatningu heimafyrir. En minn tími kom og ég setti á mig rögg og bað um inngöngu.

Ég verða að segja eins og er, að ég hef aldrei sér eftir því. Þetta er góður félagsskapur og margt hef ég lært af þessum frábæru konum. Svo datt þessum elskum í hug að gera mig að heiðursfélaga á 90 ára afmælinu, það er mikill heiður fyrir mig, sem verður seint fullþakkaður. Því miður komst ég ekki í afmælið. Það komu svo tvær ljúfar konur til mín að veislu lokinni með heiðursskjal og forkunnar fallega blómakörfu.

Ég bið kvenfélaginu allrar blessunar um ókomin ár og það megi halda áfram á sömu braut. Takk fyrir mig og kveðja til ykkar allra.

Halla Magnúsdóttir

Þorablótið í Þjórsárveri

Verður haldið laugardagskvöldið 9. febrúar 2008 og hefst borðhald kl 21:00.

Takið kvöldið frá, nánar auglýst þegar nær dregur.

Þorablótsnefndin

Þorablót í Félagslund!

Laugardagskvöldið 2. febrúar 2008 verður hið árlega þorablót Gaulverja haldið í Félagslund. Nánar auglýst síðar. Nefndin

Sorpeyðingargjald:

Íbúðir	5.500 kr.
Sumarhús	5.500 kr.
Atvinnurekstur iðnaðarhverfi	12.000 kr.
Atvinnurekstur lögbýli	6.500 kr.

Ofangreind gjöld hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslufyrirkomulag verði samkvæmt eftirfarandi:

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum, 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á fimm gjalddögum, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

Eindagi verði 30 dögum eftir gjalddaga.

Slys á Gaulverjabæjarvegi

Fyrir nokkrum dögum varð slys á vegkafla þeim sem Vegagerðin skildi eftir við lagningu slitlags á Gaulverjabæjarvegi sl. sumar og haust.

Slysið varð með þeim hætti að bílstjóri missti stjórn á bíl sínum á móts við bæinn Tungu þegar komið var út af malbikinu inn á malarvegskafnann sem var skilinn eftir. Sveitarstjórn Flóahrepps sendi frá sér svohljóðandi ályktun 5. september og varaði við þessu þar sem um 800 metra vegspotti með tveimur kröppum beygjum kemur í beinu framhaldi af sléttu slitlagi.

Unnið er að langþráðri uppbyggingu vegar 33 í Flóahreppi frá Skipum að Gaulverjabæ. Allt stefnir í að ekki verði hægt að ljúka vegalagningunni í gegnum land Vestri-Loftsstaða. Sveitarstjórn Flóahrepps krefst þess að Vegagerðin nái samkomulagi við landeigendur nú þegar til að hægt verði að ljúka uppbyggingu vegarins.

Ljóst er að verði framkvæmdin ekki kláruð skapast stórhættuleg slysagildra á þeim stöðum sem stefnir í að malbikið endi“.

Að gefnu tilefni skulu því vegfarendur varaðir við þessum hættulega vegspotta sem er á móts við afleggjarann að Tungu og Hólum.

Háskólafélag Suðurlands

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt tillögu stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands um að eignarhlutur Flóahrepps í verkefnasjóði félagsins í lok árs 2007 verði lagður inn í væntanlegt Háskólafélag Suðurlands ehf. sem hlutafé og fagnar framtaki um háskólafélag.

Liðin eru tvö ár síðan samþykkt var á aðalfundi SASS að verja þeim fjármunum sem til voru í Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands þegar lánastarfssemi var aflögð þar, til uppbyggingar háskólanáms.

Undirbúningur hefur staðið yfir undanfarið ár og stofnað var hlutafélagið Háskólafélag Suðurlands.

Stefnt er að því að koma upp samstarfsneti ýmissa aðila, kennsluráðgjafa af hálfu ríkis, sjálfstæðra rannsóknarstofnana á Suðurlandi, símenntunarmiðstöðva og erlendra háskóla í náinni samvinnu við atvinnulíf.

Jóla-og áramótakveðjur

Sveitarstjórn Flóahrepps sendir öllum íbúum sveitarfélagsins bestu óskir um ánægjulega aðventu sem nú fer í hönd, gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Sveitarstjórn vill þakka allt samstarf ársins sem bráðlega er lokið og fyrir áhuga á málefnum sveitarfélagsins.

Guðsþjónustur í Gaulverjabæjarkirkju um jól og áramót

Næsta guðsþjónusta verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 9. desember kl. 14.00. Fermingarstúlkur lesa ritningarlestra og þrjú börn verða skírð.

Hátíðarguðsþjónusta verður á jóladag kl. 14.00

Hátíðarguðsþjónusta 6. janúar kl. 14.00

Úlfar Guðmundsson.

Messur í Hraungerðisprestakalli

Villingaholtskirkja

Hátíðarguðsþjónusta jóladag kl. 13:30. Söngkór Hraungerðisprestakalls syngur hátíðarsöngva Bjarna Þorsteinssonar undir stjórn Ingimars Pálssonar. Vænst er þátttöku fermingarbarna og aðstandenda þeirra.

Hraungerðiskirkja

Hátíðarguðsþjónusta annan dag jóla kl. 13:30. Söngkór Hraungerðisprestakalls syngur hátíðarsöngva Bjarna Þorsteinssonar undir stjórn Ingimars Pálssonar. Vænst er þátttöku fermingarbarna og aðstandenda þeirra.

Laugardælakirkja

Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 15:00. Velunnarar Laugardælakirkju leiða söng undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar.

Sóknarprestur

Frá Umf. Vöku:

Lokahóf í frjálsum

Lokahóf þessa árs verður miðvikudaginn 12. desember frá kl. 17:30 – 18:30. Boðið verður upp á pizzur og gos í boði ungmennafélagsins. Hvet alla sem mætt hafa í vetur að koma og taka á móti viðurkenningu og taka þátt í léttum leikjum. Æfingar byrja síðan eftir áramót miðvikudaginn 9. janúar á sama tíma.

Bikarkeppni HSK í körfubolta

Vaka sendi inn lið og dróst á móti Árborg í 8-liða úrslitum. Leikurinn tapaðist með naumindum 75- 69 eftir að Vaka hafði verið yfir mest allan leikinn. Fyrir Vöku spiluðu: Haraldur Einarsson, Rúnar Hjálmarsson, Gestur Einarsson, Gunnar Pétur Sigmarsson, Örn Davíðsson, Ingvar Kristjánsson og Björn Kristinn Pálmarsson

he

Sveinar á ferð

Fréttst hefur að góðvinir allra verði á ferð um félagssvæði Vöku fyrir hádegi á aðfangadag. Þeir sem vilja koma til þeirra sendingum geta komið þeim í Lyngholt hvenær sem er í desember, eða í skötuveisluna í Þjórsárveri á Þorláksmessu. Þeir félagar óska vinsamlegast eftir að allar sendingar séu vel merktar með nafni og heimilisfangi svo allt komist nú rétt til skila.

Árgjöld

Umf. Vaka þakkar öllum þeim sem greitt hafa árgjöld Ungmennafélagsins. Um leið hvetjum við þá sem eiga það eftir, að greiða árgjaldið sem fyrst.

Jólapappír

Umf. Vaka ætlar ekki að vera með jólapappírssölu þetta árið. Umf. Vaka þakkar öllum þeim sem hafa styrkt okkur í gegnum árin með kaupum á jólavarningi kærlega fyrir stuðninginn.

Aðalfundur

Aðalfundur Umf. Vöku verður haldinn í Þjórsárveri 2. janúar 2008 og hefst kl. 20:30. Hefðbundin aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Hvetjum alla féлага unga sem aldna til að mæta og taka þátt í starfi félagsins. Ljósmyndari félagsins mun sýna myndir úr starfinu á árinu.

Fyrsta ferðin byrjaði ekki vel. Ég hafði tekið snjóbretti konunnar með, þar sem það er betra að vera með aðeins styttra bretti í bröttum brekkum. Það var talsverð þoka og í lok brekkunnar lenti ég á steini og slæm sprunga kom í brettið. Sem betur fer var einn svo forsjáll að taka með epoxy lím þannig að brettið var lagfært um kvöldið. Góð stemning var í hópnum og á kvöldin voru sagðar sögur og borðað. Maturinn var mjög góður, en mikið fór af feitmeti og smjöri í kuldunum. Næturnar voru sérstaklega kaldar og þá kom sér vel að hafa góða dúnpoka.

Við hrepptum alls kyns veður í ferðinni. Fyrstu tvo dagana var þungrbúið, en svo létti til og gerði sól og blíðu. Seinustu tvo dagana byrjaði að blása og síðustu nóttina gerði talsvert rok. Þá myndaðist sérstakt veðurfyrirbrigði, þannig að það gerði miklar rokhviður, sem vörðu í 2-3 mínútur, en datt í dúna-logn á milli. Þegar við vöknudum um morguninn var stóra matartjaldið fokið niður. Það var lagfært í snarheitum, þannig að hægt væri að matast áður en haldið væri heim.

Um miðjan dag, komu svo piltarnir aftur sem lóðsuðu okkur uppá jökul. Allur farangurinn var nú settur á sleðana, en nú var auðveldara að renna sér niður. Um kvöldið vorum við boðin í mat hjá dönskum manni sem rekur veðurstöðina á staðnum. Þar fengum við meðal annars ísbjarnarkjöt og selskjöt. Um kvöldið skellti hópurinn sér svo á eina skemmtistað þorpsins. Það var mjög sérstætt, en allir skemmtu sér þar saman frá unglingum upp í fólk á níraðisaldri.

Daginn eftir vaknaði hópurinn í misgóðu ástandi, en allir ánægðir með góða ferð. Danski þyrluflugmaðurinn ákvað að taka sérstaka ferð á heimleiðinni gegnum eitt gilið, sem reyndi verulega á magann í þeim sem voru í slæmu ástandi eftir gleði næturinnar. Eftir bið á Constable Point var loks sest upp í Fokkerinn sem flutti okkur heim. Góð ferð með fyrirheitum um að fara aftur aðra slíka.

Að lokum vil ég óska lesendum fréttabréfsins góðrar aðventu og vil biðja Guðrúnu á Sandbakka að rita næsta pistil.

Forsæti, 25. nóvember 2007.
Sigurjón Ólafsson.

Tamning- þjálfun

Verð að temja á Oddgeirshólum í mánuð í desember, frá 7. desember til 7. janúar. Hef nokkur laus pláss. Áhugasamir hafi samband sem fyrst.

Sandra, s: 849 6070

Eldri borgarar – aðventukaffi

Allir eldri borgarar í Flóahreppi, burtfluttir og enn búandi!
Verið hjartanlega velkomin í kaffi til okkar í Þingborg þriðjudaginn
11. desember kl. 14:00.

Kvenfélag Hraungerðishrepps

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Jólaball

Jólaball kvenfélagsins verður í Þjórsárveri laugardaginn 29. desember og hefst kl 14. Gengið verður í kringum jólatréð og sungið undir stjórn Inga Heiðmars Jónssonar. Líklegt er að rauðklæddir sveinar líti við og gleðji börnin. Á eftir verður drukkið öl og kaffi og er fólk beðið um að leggja til bakkelsi á veisluborðið eins og ávallt.

Aðgangseyrir er kr. 500 fyrir 6 ára og eldri en yngri gestir fá frítt. Allir eru hjartanlega velkomnir á jólaballið.

Um kvöldið kl 20:30 verður spiluð félagsvist að vanda. Kortið kostar 500 kr. og eru að sjálfsgöðu veglegir vinningar.

Skemmtinefndin

Afmælishátíð

Haldið var upp á 90 ára afmæli kvenfélagsins með hátíðarfundum laugardaginn 3. nóvember. Mættar voru 16 konur. Fundargerð síðasta fundar var lesin, Valgerður í Mjósyndi sagði frá starfi kvenfélagsins í sumar og hefur verið æði margt á dagskrá okkar, Aðalheiður í Ferjunesi sagði frá eldri borgara ferð sem farin var í Heklusetur 10. sept. s.l. og las ljóð eftir Oddnýju í Ferjunesi sem hún samdi viku fyrir andlát sitt. Fánar voru afhentir til þeirra kvenfélagskvenna sem ekki áttu þá. Kristín á Hurðarbaki sagði frá formannafundi SSK, sem verður 80 ára á næsta ári, og því sem fyrirhugað er að gera á árinu til að minnast þessara tímamóta, og jólakort SSK voru til sölu. Valgerður sagði frá því að ákveðið hefði verið að gera Höllu Magnúsdóttur í Syðri-Gróf að heiðursfélagi fyrir vel unnin störf í þágu kvenfélagsins, en hún komst ekki á fundinn, og því fóru Valgerður og Sólveig til hennar að fundi loknum og afhentu henni heiðursskjal gert af Siggú á Grund og blómakörfu. Að þessu loknu var gert hlé

á fundi og þá mættu makar kvenfélagskvenna sem hafði verið boðið og einnig Eiríkur á Gafli og frú. Valgerður bauð gesti velkomna og flutti ljóð eftir Oddnýju í Ferjunesi. Sólveig á Skúflæk sýndi myndir og sagði ferðasögu, sem hún og Anna Fía á Skálatjörn sömdu, frá afmælisferð til Akureyrar í ágúst s.l. Eiríkur á Gafli fékk afhentan fána félagsins fyrir velvilja í okkar garð, og Erling á Skálatjörn fékk sömuleiðis fána og nýja logsuðuhanska þar sem hann hefur verið okkur innan handar við að grilla í þeim grillveislum sem við höfum tekið að okkur. Þá var komið að söngatriði, Sólveig, Valgerður og Anna Fía, með undirleik Höllu í Kolsholti fluttu tvo bragi eftir Sigurð Guðmundsson frá Súluholti, annað var Heimboðsvisur og hitt bragur sem hann samdi í tilefni af 60 ára afmæli kvenfélagsins. Að þessu loknu var framreitt veislukaffi og voru kaffiþjónar þeir Hlynur Logi á Skálatjörn og Erlingur Snær á Skúflæk og stóðu þeir sig með þryði. Eiríkur á Gafli bað um orðið og árnaði okkur heilla á þessum tímamótum og las frásögn af kjarnakonunni Margréti Símonardóttur frá Skúflæk og var það athyglisverð frásögn. Bjarki í Mjósýndi árnaði okkur einnig heilla og færði okkur blómaskreytingu frá eiginmönnum kvenfélagskvenna og aðra þurrskreytingu sem hann ætlaðist til að við hefðum á borðum í starfi okkar og leik til að minnast þeirra (eiginmannanna) sem biðu okkar heima. Sveinn í Kolsholti færði okkur einnig blómaskreytingu og árnaðaróskir. Valgerður formaður þakkaði fyrir þessar góðu gjafir frá okkar hugulsömu eiginmönnum.

Sólveig Þórðardóttir ritari

Opið hús

Christiane á Egilsstöðum býður kvenfélagskonum heim fimmtudagskvöldið 13. desember. Eins og venjuleg koma gestir með meðlætið en húsráðendur leggja til húsnæði og hafa heitt á könnunni.

Rífum okkur nú uppúr jóla-undirbúningnum og eigum notalega stund saman og sjáumst sem flestar.

Tré og list

Listasmiðja Forsæti III

Þökkum góðar óskir frá öllum þeim sem hafa heimsótt Tré og list. Alls hafa nú um 600 gestir komið í listasmiðjuna frá opnun 19. ágúst sl.

Bestu jóla- og áramótaóskir til allra sveitunga okkar í Flóahreppi.

Bergþóra og Ólafur

Pistillinn

Grænland 2005

Það var í maí 2005 sem við Þórbergur bróðir fórum í skíða- og snjóbrettaferð til Grænlands. Í þessum pistli, langar mig að segja ykkur frá þessari ferð.

Á þessum tíma vann ég með Hallgrími Magnússyni hjá verktakafyrirtækinu Eykt. Hann sagði mér frá fyrirhugaðri ferð til Scoresbysund sem er á austurströnd Grænlands. Ég varð strax spenntur fyrir því að fara og nefndi þetta við litla bróðir sem var fljótur að slá til. Þetta var 13 manna hópur sem var vant fjallgöngu- og skíðafólk, klifrarar og Everestfarar. Allir nema við Þórbergur voru vanir vetrarferðum. Það var því ekki laust við að ég væri stressaður yfir ferðinni, sérstaklega í ljósi þess að ég er mun slakari brettamaður en Þórbergur. Hann hafði í nokkur ár verið að kenna mér á bretti og reglulega reynt að fá mig í hin ýmsu stökk sem yfirleitt enduðu með blóðnössum og skrámum. Eftir því sem ég varð eldri, því hræddari varð ég við að gera eitthvað annað en að komast bara niður brekkuna.

Eftir innkaup og undirbúning, var loks lagt af stað 7. maí. Flogið var frá Reykjavík til Constable Point, sem er einangraðasti flugvöllur landsins við Scoresbysund. Völlurinn er 45 km frá bænum Ittoqqortoormiit en þangað fórum við með þyrlu. Ittoqqortoormiit er nyrsti bær Grænlands á austurströndinni. Bærinn var „búinn til“ af Dönum, til að styrkja stöðu þeirra gagnvart landakröfum Norðmanna. Árið 1925 var fólk flutt á svæðið, sumir viljugir aðrir óviljugir og þorpið stofnað. Þarna eru stundaðar veiðar og lítilsháttar ferðamennska, en flestir eru atvinnulausir og þiggja bætur frá Danmörku.

Við stoppuðum ekki lengi í þorpinu. Búið var að panta vistir sem voru tilbúnar á staðnum. Þeim var ásamt öðrum farangri komið fyrir á hundasleðum og svo var lagt af stað upp á jökul, á svæði sem heitir Liverpool land. Ferðin gekk vel, þar til brattinn varð meiri. Þá gátu hundarnir ekki lengur dregið bæði fólk og vistir og því var ekki annað að gera en að hjálpa til að ýta. Eftir um 3-4 tíma ferð voru við loks komin og var slegið upp búðum. Sett var upp eitt matartjald, en gist var í tveggja manna tjöldum.

Á jöklinum dvöldum við í 5 daga. Farnar voru dagsferðir í nærliggjandi fjöll sem nóg var af. Flestir voru á telemark skíðum, sem svipar til gönguskíða, að því leiti til að menn eru lausir um hælinn. Þegar gengið er upp, þá eru sett skinn á skíðin til að renna ekki afturábak. Það er þó nokkur kúnt að renna sér niður á telemark skíðum og mun meiri þjálfun en með hefðbundnum svigskíðum. Við fjögur sem vorum á snjóbrettum gengum hinsvegar á snjóþrúgum þegar leiðin lá upp í móti. Það þurfti að hafa talsvert af útbúnaði með sér í dagsferðirnar. Auk fatnaðar og matar yfir daginn, þurfti að hafa mannbrodda, skóflu, snjóflóðaylu og ísexi. Jafnvægið var því öðruvísi en vanalega þegar maður rennir sér frír og frjáls í Bláfjöllunum.